

Matsteymi 033 fundur

3. maí 2022

Mættir:

Sigurður Þór Ágústsson, Lára Helga Jónsdóttir, Ragnheiður Sveinsdóttir, Dagrún Sól Barkardóttir.

1. Haldið áfram innra mati samkvæmt 3 ára áætlun
 - a. **1.3 Samvirkni í stefnumótun**
 - i. Eftir á að gera starfsreglur fyrir skólaráð. Skólastjóra falið að vinna að því með skólaráði.
 - b. **1.4 Umbætur og innleiðing breytinga.**
 - i. Settir inn áherslupættir í innra starfi til að fylgja eftir í matsferlinu.
2. **Kennsluáætlanir.** Matsteymi samþykkir að í lok hvers skólaárs uppfæri kennarar kennsluáætlanir og staðfesti að þær gefi góða mynd af námsefni, hæfniviðmiðum og efnistöfum vetrarins.
3. **Viðurkenningar eða texti um styrkleika.** Matsteymi ræddi niðurstöður stigsfunda og ljóst er að skiptar skoðanir eru um málið. Matsteymi er sammála um það að sterk fagleg rök séu fyrir því að setja saman texta um styrkleika nemenda í 10. bekk við útskrift í stað þess að velja fáa og veita þeim viðurkenningar. Grunnskólaganga er ekki val og ekki keppni en allir hafa sínar sterku hliðar, sumir fleiri en aðrir og það komi þá fram. Það sem annars kæmi fram í formi viðurkenninga kæmi þá einnig fram í texta um styrkleika hvers og eins. Tillaga að framkvæmd er að útbúin verða docs skjöl þar sem allt starfsfólk getur sett inn punkta um styrkleika nemenda í 10. bekk. Umsjónarkennari dregur svo saman textann og gerir hann heildstæðan. Frestur til að skrá styrkleika er til og með 20. maí. Textinn fer í umslag með vitnisburði og er lesinn upp þegar vitnisburður er afhentur. Skólastjóri tilkynnir hvenær skjölin verða tilbúin.

Ekki tekið á dagskrá:

4. **Innleiðing á jákvæðum aga.** Rætt um innleiðingu og það að eftirfylgni er ekki nægjanleg. Rætt um þá hugmynd að setja niður fasta kennarafundi til að fylgja eftir innleiðingu. Lagt til að fastir kennarafundir til innleiðingar á jákvæðum aga verði 14:40 - 15:10 á miðvikudögum. Hver fundur ákveður næsta fund, hvort allir mæti saman eða unnið í minni hópum, t.d eftir stigum. Verkefni funda verður handbókin og eftirfarandi:
 - Hver eru markmiðin?
 - Hvaða leiðir förum við til að ná markmiðum? (Starfsfólk, nemendur)
 - Hvaða viðmið höfum við um árangur innleiðingar?